

## Aðalfundur Foreldrafélags Leikskólans í Stykkishólmi

25. september 2018

- Emil Einarsson, sálfræðingur var með fyrirlestur um kvíða barna
- Elísabet Lára, leikskólastjóri tók næst við og tilkynnti nokkur atriði varðandi leikskólastarfið 2018-2019.
  - janúar 2019 verða 82 börn í leikskólanum.
  - Leikskólinn ætlar að breyta hefðum á bóndadaginn, karlmenn (pabbar og afar) fá boð í morgunmat í leikskólanum
  - Föstudaginn fyrir konudaginn verður vöflukaffi fyrir mömmur og ömmur
  - Öskudagurinn eins, börn búa sjálf til sína eigin búninga
  - Skiptinemastarfið við grunnskólann heldur áfram
  - Leikskólinn ætlar að taka þátt í Norðurljósahátíðinni og vera með myndasýningu.
  - Leikskólinn tekur þátt í vinnu við fullveldisafmælið 1. des.
- Næst í röðinni Jóna Gréta, formaður foreldrafélagsins
  - Sagði frá ársskýrslu
    - Engar athugasemdir
  - Kynning á reikningi fyrir árið
    - Engar athugasemdir
- Kosning í stjórn foreldrafélags og foreldraráð
  - Jóna Gréta og Viktor sögðu sig úr stjórn foreldrafélagsins
  - Inn koma, Ósk Hjartardóttir og Kári Hilmarsson
  - Ný stjórn 2018 – 2019
    - Rósa Kristín, Georg, Steinunn Alva, Ósk og Kári
  - Berglind Ósk, aðstoðarleikskólastjóri verður fyrir hönd leikskólans í foreldrafélaginu.
  - Foreldraráð
    - Ingunn Sif (formaður), Sigrún Erla og Martin, nýr í stað Guðrúnar Hörpu sem hættir.
- Önnur mál
  - Karella appið, foreldum fannst að það mætti virkja það betur. Leikskólakennarar þyrftu að vera duglegri að setja viðburði inn, myndir og tilkynningar. Heimasíðan hefur verið virkari í þeim efnum.
  - Aðgengi að leikskólanum, of fá bílastæði.
  - Hraðakstur
    - Hugmynd um að safna undirskriftarlista frá foreldrum og fara með það til bæjarráðs (bæjarstjóra) eða í Ráðhúsið.
  - Elísabet Lára sagði að skipta ætti um hlið (þar sem gengið er inn og út) á leikskólann. Fá herra hlið til þess að krakkarnir geti ekki sjálfíð opnað. Framkvæmdir hefjast fljótlega.
  - Fyrirspurn kom frá foreldra hvort það hefði einhverntímann verið íhugað hér eins og er úti í Grundarfirði að fara með elsta árganginn úr leikskólanum upp í

grunnskóla. Svör um þetta mál er að það er ekkert pláss í grunnskólanum til þess að taka á móti leikskólabörnum og ekki vilji hjá stjórnendum leikskólans til að fara í þannig aðgerðir.

- Fyrirspurn frá foreldra í sambandi við íþróttarhúsið, hvort börn í leikskólanum mættu ekki fá að fara þangað og sprikla.
- Hugmyndir ræddar um gjöf frá foreldrafélaginu, eitt foreldri nefndi rennibraut fyrir börnin, þar sem bilið er svo mikið á milli rennibrautar sem Vík börn nota og svo Ás börn nota. Það vantar í raun rennibraut fyrir börn sem eru á Nesi (2 – 3 ára) þau mega ekki fara í stóra kastalann (hann er gerður fyrir börn frá 3 ára).
  - Hugmyndir komu um hvort auglýsa mætti eftir styrkjum (fyrirtæki og fólk í Stykkishólmi) til þess að kaupa úti leiktæki.
- Ábending til foreldrafélagsins að auglýsa viðburði fyrir.
  - Allar auglýsingar fara inn á Facebook síðu foreldrafélagsins **Foreldrafélag Leikskólans í Stykkishólmi** (síðan heitir það á Facebook)
    - Hengdar eru upp auglýsingar í leikskólanum og leikskólastjóri sendir tölvupóst.

Fundi slitið. Ritari Steinunn Alva Lárusdóttir